



Breiðafjarðarnefnd

180. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 4. júní 2020, á Skype

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir og Eyjólfur Bjarnason og Karl Kristjánsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 179. fundar

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Landvarsla við Breiðafjörð 2020

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur veitt fjármagni til landvörlsu á Breiðafirði summar 2020. Fjármagnið rennur til Umhverfisstofnunar sem sér um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir samstarfi við Breiðafjarðarnefnd.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að landvarsla fari fram á verndarsvæðinu sumarið 2020.

Erla, Róbert og Theó funda með Umhverfisstofnun og koma til skila tillögum Breiðafjarðarnefndar.

Fræðslufundir um framtíð Breiðafjarðar

Afgreiðsla:

Stefnt er að fræðslufundum um framtíð Breiðafjarðar á Reykhólum og í Búðardal þann 25. ágúst. Nefndin hyggst nýta tækifærið og óska eftir fundi með sveitarstjórnum þennan sama dag.

Fyrirhugað að halda fræðslufund í Birkimel og óska eftir fundi með bæjarstjórn Vesturbyggðar þann 1. september.

Óska eftir fundum með sveitarstjórnum Stykkishólms, Helgafelssveitar, Grundarfjarðar og Snæfellsbæjar í september/október.

Áform Umhverfisstofnunar um stækkun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Umhverfisstofnun, ásamt sveitarfélagini Snæfellsbæ, kynnir nú áform um stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd bendir á að nefndin hefur hafið vinnu við móton framtíðar verndarsvæðis Breiðafjarðar. Nefndin hvetur Umhverfisstofnun til að skoða stækkun þjóðgarðsins í samhengi við þá vinnu. Þannig væri hægt að skoða hvort og þá hvaða



möguleikar væru á að sameina friðlýst svæði við Breiðafjörð og verndarsvæði Breiðafjarðar og huga um leið betur að vernd sjávar, hvort sem hafsvæðið yrði hluti af þjóðgarði eða undir annars konar vernd. Það væri í takt við skuldbindingar Íslands í alþjóðlegum samningum, svo sem OSPAR-samningnum og samningnum um líffræðilega fjölbreytni.

Um leið veltir Breiðafjarðarnefnd upp þeim möguleika að mörk þjóðgarðsins Snæfellsjökuls verði útvíkkuð til sjávar. Þannig væri hægt að stuðla að varðveislu mikilvægra náttúrusvæða og undirstrika mikilvægi strandsvæða fyrir lífríki þjóðgarðsins. Um leið væru skuldbindingar íslenska ríkisins varðandi OSPAR-samninginn að hluta uppfylltar.

Vettvangsferð 2020.

Afgreiðsla:

Vettvangsferð verður farin þann 7. júlí. Farið frá Stykkishólmi með Særúnu kl. 9 og er heimkoma áætluð kl. 17.

Önnur mál.

Fornminjakort af Flatey.

Afgreiðsla:

Samþykkt að prenta kortið ef það rúmast innan fjárheimilda nefndarinnar. Fá rafrænt eintak til að setja á heimasíðuna.

Næsti fundur:

Áætlaður þann 7. júlí í tengslum við vettvangsferð.

Fundi slitið kl. 11:30